

Þórarinn Jónsson heiti ég og er 47 ára bóndi á Hálsi, kvæntur Lísu Boije Af Gennaes. Þar framleiðum við nautakjöt og stundum úrvinnslu og sölu afurða.

Ég hef alið nánast allan minn aldur í Kjósinni ef frá eru talin námsár í Reykjavík og nokkur ár í Sviss.

Ég hef setið undnfarin ár í hreppsnefnd og verið þar í minnihluta, á þeim tíma hefur farið mikið fyrir lagningu hitaveitu og ljósleiðara .Við svo stór verkefni er mikilvægt að allir í sveitarstjórn séu að ganga í sömu átt og því hefur kanski ekki reynt mikið á ólíkar skoðanir minni og meirihluta.

Nú eru þau verkefni nánast í höfn og mér þætti spennandi að vera í hreppsnefnd þar sem ekki fer svona mikill tími og orka í fá stór mál.

Nú er kominn tími til að snúa inná, við hlúa að öllum íbúum hreppsins ungum jafnt sem öldnum.

Mér finnst mikilvægt að halda í ásýnd Kjósarinnar sem sjálfstæðs landbúnaðar-og dreifbýlis sveitarfélag með áherslu á úrvinnslu afurða heima fyrir.

Hér er ekkert atvinnuleysi, vegna þess að sem betur fer eru íbúar með frjótt ímyndunarafl þegar kemur að því að skapa sér tekjur og hafa ofan fyrir sér.

Mér líst ekki vel á innreið risastórra ósjálfbærra vinnustaða í sveitina.

Stóriðjusvæðið á Grundartanga er alveg við bæjardyrnar, ég hef, og mun áfram beita mér fyrir annarskonar uppbyggingu á svæðinu (minna af stóriðju), aukinni upplýsingagjöf um mengun og meiri aðkomu Kjósarhrepps að mótun svæðisins á Grundartanga

Fjölgun íbúa á dreifðum byggingarsvæðum er æskileg, til renna enn frekar stoðum undir rekstur sveitarfélagsins og styrkja sjálfstæði þess.

Aðalskipulag verður áfram að veita svigrúm til uppbyggingar, horfa þarf til langs tím og draga verður mörkin á milli ræktarlands og byggingarlóða.

Sorp- og endurvinnslumál þarf að fá sérstaka athygli, með það í huga að draga úr kostnaði.

Leiðréttu laun sveitarstjórnarmanna (lækka þau) og flytja heim í hérað störf sem hefur verið útvistað ef þess er nokkur kostur.

Auka upplýsingaflæði og gegnsæi frá sveitarstjórn til allra íbúa.

Kalla eftir fólki sem vill starfa með sveitarstjórn í nefndum svo sem flestir hafi aðkomu að mótun samfélagsins sem við búum í.

Með kveðju

Þórarinn Jónsson